

HEIMUR Í HNOT- SKURN

Laugardagur, 14. nóvember.

NTB-Tokio. Bandaríski kjarnorkukafbáturinn yfirgaf japönsku hafnarborgina, Sasebo í dag eftir tveggja daga heimsókn. Koma kjarnorkubátsins til landsins kostaði miklar óeirðir yfir allt landið í þessa tvo daga. Sosialistar og kommúnistar stóðu fyrir óeirðunum og héldu því fram, að þetta væri fyrsta skrefið í þá átt, að innleiða kjarnorkuvopn í Japan. Nýjar óeirðir höfðu verið skipulagðar í Sasebo í dag, en aðeins þúsund manns voru viðstaddir brottför bátsins.

NTB-Peking. Fréttastofan Nýja Kína skýrir frá því í dag, að Shou En-lai forsætisráðherra hafi snemma í dag komið aftur til Peking að loknum viðræðum við hina nýju valdhafa í Moskvu. Formaður kínverska kommúnistaflokksins, Mao Tse-Tung, forseti landsins og aðrir háttsettir embættismenn tóku á móti forsetanum ásamt sendiherra Sovétríkjanna í Kína.

NTB-Kaupmannahöfn. Formaður danska íhaldsflokksins, Pol Möller, sagði í Danmörku í dag, að hin smærri lönd Evrópu þyrftu sem fyrst að halda með sér ráðstefnu og ákveða afstöðu sína gagnvart hinum sameiginlegu markaðum, sem eru að myndast innan Efnahagsbandalagsins. Nefnir Möller eftirfarandi lönd í þessu sambandi: Ísland, Finnland, Danmörk, Noreg, Svíþjóð og Austurríki. Sagðist Möller mundi leggja fram til lögu um ráðstefnuna á landsfundi íhaldsflokksins á næstunni.


NTB-Bonn. I. nóvember sl. skaut bandarískur hermaður á sovétkan herbil, sem ók inn á umráðasvæði bandaríska hersins við Nürnberg í Bayern. Farþegar bílsins voru síðan hafðir í haldi í fleiri klukkutíma. Bandaríski herinn hefur mótmælt því framferði við sovétka herinn í Þýskalandi, að farið sé inn á yfirráðasvæði hans.

NTB-Lübeck. A-þýzkur fallbyssubátur skaut í gær fleiri skotum rétt fram hjá v-þýzku flutningaskipi eftir upplýsingum v-þýzku hafgæzlunnar. Skipstjóri flutningaskipsins kallaði óðar á hjálp, er hann sá fallbyssubátinn stefna á skipið og þegar tvö önnur skip komu á vettvang, sneri a-þýzki fallbyssubáturinn við yfir á a-þýzkt umráðasvæði.

Geta ekki heimsótt afmælisbarnið

MB-Reykjavík, 14. nóvember.

Vísindamenn ætluðu að ganga á land í Surtsey í dag í tilefni eins árs afmælis gossins. Sjógangur er mikill við eyjuna og biðu vísindamennirnir um borð í varðskipi við eyjuna um hádegis tíð þess að hafa getað heimsótt afmælisbarnið. Varðskipið mun bíða við Surt fram í myrkrur en koma til Reykjavíkur í nótt.



GB-Reykjavík, 14. nóvember.

Tvær myndlistarsýningar, sem staðið hafa yfir hér í borg síðan í fyrri viku og vakið mikla ánægju sýningagesta, eru myndvefnaðarsýning Ásgerðar Búadóttur í Bogasalnum og málverkasýning Vilhálms Bergssonar í Listamannaskólanum. Sumir fara aftur og aftur að skoða þær. En nú lýkur báðum þessum sýningum á sunnudagskvöld, og hvorug verður framlengd. Meðfylgjandi mynd var tekin á dögnum á sýningu Ásgerðar í Bogasalnum.

Sjötugur á morgun:

Gunnlaugur A. Jóhannesson Bakka

Gunnlaugur Auðunn Jóhannesson, bóndi á Bakka í Víðidal, verður sjötugur á morgun, 16. nóvember. Hann fæddist á Auðunnarstöðum í Víðidal, sonur hjónanna Ingibjargar Eysteinsdóttur og Jóhannesar Guðmundssonar, og ólst þar upp með mörgum systkinum. Haustið 1911 fór hann til náms í Gagnfræðaskólann á Akureyri, og útskrifaðist þaðan vorið 1914 eftir þriggja vetra nám. Næsta haust settist hann í 4. bekk menntaskólans í Reykjavík, en fékk lómunarveiki þá um veturinn og varð að hverfa frá námi.

Vorið 1921 kvæntist Gunnlaugur myndarlegri dugnaðarkonu, Önnu Teitsdóttur frá Víðidalstungu. Á næsta ári byrjuðu þau búskap á Bakka í Víðidal, og hafa búið þar síðan. Þau eignuðust 9 börn. Árið 1925 misstu þau dreng á 1. ári, en hin 8 börnin komust til fullorðinsára og eru á lífi, 4 dætur og 4 synir. Öll eru þau að heiman farin, að undanskildum yngsta syninum Ragnar, sem er búfræðingur frá Hvanneyri. Annar sonur þeirra hjóna, Egill dýralæknir, er nú heima í sínu ættarhéraði, nýlega



kominn frá námi í Þýskalandi.

Gunnlaugur Auðunn hefur ætíð borið merki lómunarveikinnar, sem hann fékk fyrir 50 árum. En þó að hann sé mikið haltur, hefur hann unnið öll venjuleg störf sveitabóndans, og gengið að þeim með dugnaði og þrautseigju. Þegar þau hjónin komu að Bakka var þar lítið tún og lélegar byggingar, en þau hafa gert þar verulegar

jarðabætur. Og nú er Ragnar sonur þeirra að byggja þar íbúðarhús.

Gunnlaugur Auðunn hefur komið mjög við sögu félagsmála í sveit sinni og héraði. Meðal annars hefur hann lengi verið formaður búnaðarfélags Þorkelshólshrepps, og um fjölda ára hefur hann verið einn af deildarstjórum í Kaupfélagi Vestur-Húsvetninga og átt sæti á fulltrúafundum þess. Má af þessu marka, að hann nýtur trausts hjá sveitungum sínum, enda vinnur hann af áhuga og trú mennsku að þeim störfum, sem honum eru falin á hendur. — Hann er söngmaður og hefur verið góður þátttakandi í karlakór, sem starfað hefur í sýslunni.

Ég sendi Gunnlaugi og fjölskyldu hans beztu óskir í tilefni af sjötugsafmælinu, og þakkir fyrir liðin ár. Sk.G.



MINNING

Jón Árnason, bóndi Norður-Hvammi

Hér lágu þín spor um lífsins leið nú lokið er jarðlífs göngu. Hér lifa þín blóm á mannlífs meið sem myndir af starfi löngu. Hvort vegur var beinn og gata greið eða grýttur, í erfiði ströngu.

fáskiptin um annarra hagi, en góður vinur vina sinna. Munu þeir margir minnast hennar með hlýjum hug í dag. Eftir lát síðari manns síns, hefur hún dvalið ýmist hjá Kristni syni sínum eða haldið heimili með eldri syni sínum, Stefáni.

Þegar Ólína létur yfir ævi sína á þessum sjötugasta afmælisdegi sínum, þá blasa við henni skín og skuggar liðinnar ævi, eins og oftast vill verða um flesta menn og konur. Margar glaðar stundir hefur hún lifað með ástvinum sínum, og ýmsa hefur hún glatt með nærveru sinni og hjálpssemi. En á þessum tímamótum getur hún fagnað því að hafa jafnan gert skyldu sína í hvívetna, hún hefur í kyrrbey innt sín störf af hendi á nokkuð annarsku heimili af þeirri dyggð sem einkennt hefur margar góðar alþýðukonur á Íslandi. VG.

Við þekkjum ei upphaf né orsakir þær þá ábyrgð er lífið oss gefur, Frá vöggu til grafar sú vernd var þér kær frá villu er anda vorn hefur. Þann lifandi kraft er í ljósinu grær þann lífsmátt er alla vefur

Það vald er oss setti til vistar hér og vaxtar í dagsins önnun, því eins og við sáum, uppsker hver þann ávöxt um eilíft könnun. Við gleðjumst og hryggjumst, en guð einn sér hvern gróður í dyggðum sönnun.

Og þegar svo lokið er lífsins ferð og landsýn að nýju við sjáum, og framtíðar landið svo fagurt sérð og fagnandi heim við náum.

Við lofum þig drottinn, þá ljósanna mærgð, er oss lýsir að bústöðum háum. B.E.

(Ljóð þetta átti að birtast í gær, en sökum þrengsla í blaðinu varð það að bíða þar til í dag).

Sjötug í dag: Ólína Guðmundsdóttir Keflavík

Frú Ólína Guðmundsdóttir, Hafnargötu 52 í Keflavík er 70 ára í dag. Hún er fædd í Höfnun í Gullbringusýslu, og voru foreldrar hennar Guðmundur Jónsson, og Kristín Brynjólfsdóttir, sem þar bjuggu. Þau fluttust síðan með dóttur sína unga austur á Eyraþakka, og ólst Ólína þar upp, 3 albræður átti Ólína, Sigurjón, Kristín og Stefán, og eru þeir allir látnir.

Ólína giftist ung norður í Húnavatnssýslu, Stefáni Björnssyni frá Gunnsteinsstöðum í Laxárdal. Missti hún mann sinn eftir stutta sambúð, árið 1921. Eignuðust þau einn son, Stefán verzlunarmann í Keflavík.

Síðar giftist hún hinum landsþekktu manni, Danival Danívalssyni, kaupmanni í Keflavík. Höfu þau bú sitt í Keflavík um 1930. Danival var ekkjumaður, og tók Ólína að sér uppeldi Guðmundarsonar hans, og Nönnu dóttur hans



að nokkru. Með Danival eignaðist hún einn son, Sturlaug Kristín, bifreiðastjóra í Keflavík. Þau hjón settu fljótlega eftir komuna til Keflavíkur upp verzlun í húsi sínu, og sinnti Ólína verzlunarstörfum með manni sínum, auk húsmóðurstarfanna.

Ólína hefur alla tíð verið hlédræg kona, og hneigð til að láta lítið á sér bera. Hún er dul og